



Reykjavík, 9. desember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa farið yfir drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

SAF lýsa yfir ánægju með að stjórnvöld liti nú á jarðstrengi sem raunhæfan valmöguleika við uppbyggingu á dreifikerfi raforku. SAF telja að við uppbyggingu meginflutningskerfis eigi loftlínur ekki að vera meginregla umfram jarðstrengi, heldur á að nota þann kost sem er æskilegri út frá viðmiðum sem tengjast samfélagslegum þáttum, byggðapróun og hagkvæmni en ekki aðeins hagkvæmni eins og núverandi raforkulög gera ráð fyrir. SAF hafa áður bent á að við hagkvæmnisútreikninga taki raforkulög tillit til samfélagslegra þátta og framtíðarmöguleika til uppbyggingar atvinnulífs í landinu, jafnt í byggð sem og á óbyggðum svæðum og víðernum landsins.

SAF telja að markmið þingsályktunartillögunnar um að landshluta- og meginflutningskerfi verði búið 80% jarðstrengja árið 2035 sé til þess fallið að meginflutningskerfið verði byggst upp að mestu án jarðstrengja. SAF eru þeirrar skoðunar að markmiðið eigi að miðast við að landshlutakerfið verði komið í jarðstreng árið 2035 að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem eiga við um lagningu jarðstrengja innan landshlutakerfisins. Að sama skapi er nauðsynlegt að stjórnvöld setji sér markmið um hlutfall jarðstrengja í meginflutningskerfi að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem eiga við um lagningu jarðstrengja innan meginflutningskerfis raforku. SAF hafa ekki forsendur til að meta hvað hlutfall jarðstrengja í meginflutningskerfi á að vera árið 2035 en telja að möguleikarnir séu miklir.

Í þingsályktunartillögunni koma fram nokkur viðmið sem réttlæta lagningu jarðstrengs innan meginflutningskerfis, sé hann dýrari kostur og er réttlætning jarðstrengs miðuð við að hann sé helmingi dýrari en loftlínur. SAF mótmæla þessari nálgun enda engar rökstuddar forsendur sem koma fram um að aðeins helmingi dýrari jarðstrengur réttlæti slíka framkvæmd. Forsendurnar geta verið mismunandi og metnar út frá mörgum þáttum sem geta verið fjármagnsfrekir en samtímis bætt samfélagið til muna. SAF fara fram á að loftlínur og helst öllu meginflutningskerfi raforku sé haldið utan allra friðlýstra svæða, þjóðgarða og annars staðar þar sem ósnortin víðerni er sölvara og samfélagið byggt á þjónustu við ferðamenn. Í þessu samhengi er mikilvægt að benda á að yfir 80% allra erlenda ferðamanna koma hingað til lands vegna náttúrunnar.

SAF lýsa ánægju með þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni um að afnema misræmið sem er á vörugjöldum jarðstrengja og loftlína.

Áður hefur komið fram að það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllst
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson

Afrit sendist til:
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis